

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst í því að á opnu óbyggðu svæði norðaustan Vogabrautar verður gert ráð fyrir tæplega 13 ha iðnaðarsvæði. Íbúðasvæði norðaustan Vogabrautar og næst fyrirhuguðu iðnaðarsvæði fellur út og verður opið óbyggt svæði auk þess sem lega reiðstígs umhverfis byggðina í Vogum breytist. Jafnframt verður komið á veltengingu milli hins nýja iðnaðarsvæðis og Iðndals, iðnaðarsvæðis vestan Vogabrautar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júlí 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.